

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Elsa María Guðmundsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir

**Afboða, mæta ekki:** Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir og Oddur Örnólfsson

**Fundur 12.12.2022 settur kl. 18.00**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

**2. Mót og starfsemi**

- a. Bikar fer fram í Reykjarnesbæ dagnna 16 og 17. Desember. Búist er við hörku keppni.
- b. Samþykktar hafa verið reglugerðabreytingar vegna mótamála og búið að prófarkalesa þær og yfirfara. Reglugerðabreytingarnar eru komnar inn á heimasíðu SSÍ og hafa verið sendar á hreyfinguna.
- c. Vinna stendur yfir við áætlanagerð fyrir árið 2023. ÍSÍ hefur gefið út að það verði 10% lægri fjárhæð til úthlutunar á þessu ári en því síðasta. Ekki er vitað í hvaða flokk hvert sérsamband raðast.
- d. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á formannafund ÍSÍ föstudaginn 9. Desember. Margt rætt og farið yfir stjórnunarhætti í íþróttahreyfingunni, fjármál og almenn mál.
- e. Formaður, framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliðsmála og mótastjóri hafa hisst í tvígang varðandi uppfærslu á heimasíðu SSÍ. Búið er að skrifa undir samning við Advania og verkefnið er hafið.
- f. Landsátakið „Syndum“ var sett í Laugardalslaug 1. Nóvember. Formenn SSÍ og ÍSÍ settu átakið, sem stendur til 30. nóv, með nokkrum eldhressum sundlaugagestum á besta aldri.
- g. Umræða um þjónustugjöld
- h. Mannvirkjanefnd er langt komin með að setja upp skýrslu sem á að vera leiðbeinandi fyrir bæjarfélög og aðra sem eru að byggja og eða breyta sundlaugamannvirkjum. Í skýrslunni eru listað upp hvað þarf til að viðkomandi sundlaug standist lágmarkskröfur til sundkennslu, æfinga og keppni í sundi. Send hefur verið út þarfagreining til aðila innan sundhreyfingarinnar þar sem beðið eru um álit á hinum ýmsu liðum sem koma að mannvirkjum. Hörður Oddfríðarson mun lesa skýrsluna yfir og fara yfir þá punkta sem borist hafa.
- i. SH, KR og Ármann hafa komið sér saman um að mæta sameinuð til leiks undir í keppni í Waterpolo. Fundað verðu með þeim í vikunni og þeirri vinnu haldið áfram að gera Waterpolo að keppnisgrein hér á landi undir merkjum SSÍ og hvernig næstu skref verða tekin varðandi þjónustugjöld, keppnir o.sfrv

**3. Afreksmál**

- Verkefni framundan
  - Norðurlandamótið fer fram í Bergen daganan 10. – 12. desember. Hægt er að ná lágmarkum fyrir mótið frá 28. október til 20. nóvember. Brottför er 8. Des og heimkoma 13. des. Mótið fer fram núna laugardag- mánudags.
  - Heimsmeistaramótið í 25m laug fer fram í Melbourne frá 13. – 18. Desember. Brottför verður 2. Desember og heimkoma þann 20. Desember. Ísland mun taka þátt í norrænum æfingabúðum í Melbourne fyrir mótið frá 4-10.des. Anton og Snæfríður munu taka þátt, en síðasti möguleiki til að bæstast í hópinn er á Extramóti SH um helgina.

#### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Fundur dómaranefndar nr. 112. Farið var yfir fundargerð.

#### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

#### 6. Staðfesting meta

##### 25metra laug

###### Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
200m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	01:55,60	18.11.2022	Danmörk
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	00:53,88	19.11.2022	Danmörk
100m skriðsund	Snæfríður Sól Jónnardóttir	Aalborg	00:53,75	19.11.2022	Danmörk

##### 25metra laug

###### Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
4x50m fjórsund	Blönduð sveit SH	SH	01:47,21	19.11.2022	Hafnarfirði

###### Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m bringusund	Daði Björnsson	SH	01:00,67	18.11.2022	Hafnarfirði
100m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	01:00,31	18.11.2022	Hafnarfirði
4x100m fjórsund	Sveit	SH	03:45,48	20.11.2022	Hafnarfirði

###### Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m fjórsund	Sveit	ÍRB	1:59,35	18.11.2022	Hafnarfirði
4x100m skriðsund	Sveit	Breiðabliks	03:56,06	19.11.2022	Hafnarfirði

###### Aldursflokkamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m fjórsund	Sveit	SH	04:05,48	20.11.2022	Hafnarfirði

###### Aldursflokkamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m fjórsund	Vala Dís Cicero	SH	1:05,91	18.11.2022	Hafnarfirði
50m flugsund	Vala Dís Cicero	SH	00:28,44	19.11.2022	Hafnarfirði
100m flugsund	Ylfa Lind Kristmansdóttir	Árman	01:04,52	20.11.2022	Hafnarfirði

#### 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
------	------	----------

**8. Önnur mál:**

- a. Búist er við miklum breytingum á lögum og reglugerðum FINA á árlegri ráðstefnu hjá þeim sem haldin verður í Melbourne samhliða HM25. Þjóðir NSF hafa fundar í gegnum fjarfundarbúðnað og farið yfir helstu breytingar og gæta þess að hagsmuna sé gætt.

**Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00**